



Eftirlaunasjóður FÍA

Yfirlýsing vegna helstu neikvæðu áhrifa
fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti

Inngangur

Yfirlýsingu þessari er ætlað að lýsa því hvernig eða hvort Eftirlaunasjóður FÍA tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Eftirlaunasjóði FÍA er skylt, skv. 1. mgr. 4. gr. SFDR, að birta á vefsíðum sínum uppfærðar upplýsingar um hvernig eða hvort tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana sjóðsins á sjálfbærniþætti.

Yfirlýsing

Í samræmi við 4. gr. SFDR upplýsir Eftirlaunasjóður FÍA hér með að sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR.

Ástæða þess er sú að núverandi stefna um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins ásamt því vinnulagi sem sjóðurinn tileinkar sér er ásættanlegt og sniðið að fjárfestingarstefnu sjóðsins. Eftirlaunasjóður FÍA mun fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR og annarra sjálfstjórnunarlaga og reglugerða sem miða að UFS-þáttum.

Samantekt á eigendastefnu Eftirlaunasjóðs FÍA

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Þannig er meginmarkmið sjóðsins að varðveita og ávaxta fé sjóðfélaga á eins hagkvæman hátt og kostur er og leitast þannig við að hámarka ávöxtun miðað við áhættu.

Hluthafastefna Eftirlaunasjóðs FÍA markar stefnu og stjórnarhætti sjóðsins sem hluthafi í þeim innlendu félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga og aðra hluthafa ásamt því að stuðla að auknu gagnsæi og trúverðugleika á markaði. Eftirlaunasjóður FÍA leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn á eignarhluti í eigi í virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlutum í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins. Þannig styður sjóðurinn til að mynda ekki framboð stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn veggja félaga á samkeppnismarkaði.

Sjóðurinn leitast við að sækja hluthafafundi þeirra innlendu félaga sem hann er hluthafi í, sér í lagi skráðra félaga. Sérstakri valnefnd sjóðsins, skipuð stjórnarformanni, varaformanni og framkvæmdastjóra, er falið umboð stjórnar til að fara yfir tillögur sem lagðar eru fyrir hluthafafundi félaga og meta þær með tilliti til þessarar stefnu og hagsmuna sjóðsins. Valnefnd heldur fundargerð þar sem fram kemur rökstudd afstaða til þess hvernig atkvæðum sjóðsins skuli ráðstafað. Framkvæmdastjóri fer að jafnaði með atkvæðisrétt sjóðsins í umboði stjórnar á hluthafafundum. Framkvæmdastjóri hefur þó heimild til að veita öðrum umboð til að fara með atkvæðisréttinn í sinn stað.

Hluthafastefna sjóðsins, sem er aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, snertir meðal annars á vali á, kröfum til, og samskiptum við stjórnarmenn í félögum sem sjóðurinn fer með eignarhlut í. Einnig er gerð krafa um að starfskjarastefna félaga sem sjóðurinn fer með eignarhlut í uppfylli hlutafélagalög og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eftir því sem við á.

Fylgni við alþjóðlega staðla

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um eignastýringaraðili sjóðsins sé aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og horfi því til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (UN Global Compact) í fjárfestingum sínum.

Útgáfa 1.0

Júní 2024

